

Fundargerð stjórnar Hestamannafélag Borgfirðings.

13.10.2025

Mætt eru : Haukur, Friðrika, Ísólfur, Þorsteinn, Heiðadís, Elisabeth Ýr.

Fundur settur 18:00

1. Undirbúningur aðalfundar

Lagt er til að fundur er haldinn 13.11.25 klukkan 20:00, samþykkt samhljóða.

Senda á allar nefndir, hver stjórnarmaður tók að sér formann nefndar til að tala við.

2. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytinga, fækka stjórn úr 8 í 5, aldursmörk á félagsgjöldum, hverjar eru heimildir stjórnar o.s.v.f.

3. Beiðni frá Vesturlandsdeildinni V. Móthalds

Beiðni frá stjórn Vesturlandsdeildar um afnot af reiðhöllinni fyrir næsta tímabil á sömu skilmálum og hafa verið.

4. Staðsetning dómskúrs.

Það þarf að festa skúrinn svo hann fjúki ekki um veturinn, Ísólfur og Haukur ætla í málið, helst að þetta klárast sem fyrst.

5. Anddyrið

Búið er að leggja inn teikningar fyrir viðbyggingu á anddyri, beðið er eftir burðarþolsteikningu og þegar hún er mætt er komið byggingarleyfi og hægt er að hefjast handa.

6. Önnurmál

- Það var lögð inn kvörtunn um hegðun reiðmanna við reiðveginn frá Skilkletti að Langá. Ítreka að þetta er ekki eingöngu reiðvegur heldur er þetta vegur fyrir alla vegfarendur og beðið er um að bera virðingu og sýna tillitssemi.

- Uppskeruhátíð.

Viljum slá aftur til og halda uppskeruhátíð, verðlauna ungmenninn okkar, knapa, ræktunnarbú, kynbótahross og fleira. Elisabeth og Heiðadís ætla að sjá að koma þessu af stað og fá fleiri með sér í lið. Hægt verður að senda ábendingar um árangur á tölvupóstinn á borgfirdingur (AT)borgfirdingur.is, hver og einn verður að setja upp sinn árangurslista. Tillaga á dagsetningu 22.nóv.

- Ógreidd Félagsgjöld

- Eithvað hefur verið um ógreidd félagsgjöld, stjórn samþykkir það að þeir sem að hafa ekki greitt félagsgjöld árið 2024 til 2022 verða vísað úr félaginu.

Næsti fundur 5.nóv.

Fundi slitið 19:08